

Akureyri 13. september 2011

## Fréttatilkynning frá SKOTVÍS

Í kjölfar umræðu um rjúpnastofninn og ástand hans vill SKOTVÍS - Skotveiðifélag Íslands benda á eftirfarandi:

Stofnstærð rjúpunnar ræðst af mörgum þáttum. Þessir þættir eru t.d. veðurfar, sjúkdómar, sníkjudýr og afrán. Afræningjar sem nýta rjúpuna sér til matar eru aðrir fuglar s.s. fálkinn en einnig mávar, kjói, skúmur og hrafn. Refir og minkar teljast líka til afræningja sem og maðurinn með veiðum sínum og framkvæmdum sem hafa áhrif á búsetuskilyrði rjúpunnar.

Það er of mikil einföldun að ætla að útskýra stofnsveiflur rjúpunnar aðeins út frá þremur megin áhrifaþáttum eins og nú er gert, sem er samspil fálka og rjúpu og svo áhrif skotveiða. Margt annað hefur áhrif, það er vel þekkt og hefur verið rannsakað í öðrum löndum.

Náttúrufræðistofnun Íslands sinnir því mikilvæga hlutverki að vakta íslenska rjúpnastofninn. Talningar sl. ár gáfu fyrirheit um að stofninn væri í mikilli uppsveiflu og er það í samræmi við upplifun veiðimanna og annarra áhugamanna um rjúpur, að stofninn væri að ná hæðum sem ekki hafa sést í langan tíma. Því voru það mikil vonbrigði þegar fréttist af lélegri talningu í vor en það ber að hafa í huga að aðstæður voru mjög erfiðar og víða snjór yfir á varpsvæðum rjúpunnar. Eftir kalt vor og harðan júní mánuð kom því ekki á óvart að talning á rjúpnaungum kom líka illa út.

Refastofninn íslenski er sennilega í sögulegu hámarki nú um stundir og það eitt og sér getur ekki annað en haft áhrif á rjúpnastofninn. Um vetur hafa refir sem lifa inn til landsins um fátt annað að velja en rjúpur, mýs og æti sem þeir hafa víða að sér yfir sumarið. Áhrif refastofnsins á rjúpuna hefur ekki verið útskýrt af fræðimönnum og er það óviðunandi. Heiðagæsastofninn er líka í sögulegu hámarki og búsetusvæði þeirra upp til fjalla og inn á hálendinu eru sömu og rjúpan kýs. Það er umhugsunarefnir hvort að heiðagæsir hafi með beit sinni áhrif á búsetuskilyrði rjúpunnar.

Sílamáv hefur fjölgað um allt land og í svo miklum mæli að meira að segja svartbakurinn lætur undan. Hvorki refur né sílamávur eru sérhæfðir í rjúpnaveiðum en samt sem áður mjög áhrifamiklir afræningjar ef svo ber undir.

Minkurinn er skæður fuglabani en áhrif hans á rjúpnastofninn eru lítið þekkt.

Það er ljóst að margt hefur áhrif á stærð rjúpnastofnsins og eins og áður segir er það mikil einföldun að ætla að útskýra ófyrirséðar breytingar á stofninum aðeins með skotveiðum. Nýjasta tilgátan sem segir að áhrif skotveiða ýti undir náttúrulegan dauða eru byggðar á rannsóknum á dalrjúpu í Noregi. Þær rannsóknir sýndu fram á hugsanleg áhrif þegar veitt er um 30% af veiðistofninum, en það er mun meira en þekktist héraendis þar sem veiðin hefur aldrei verið meiri en 12% af stofnstærð síðan 2005.

Rannsóknir og gögn Náttúrufræðistofnunar benda til að rjúpnastofninn sé mun minni en áætlað var fyrir áratugum síðan. Hvers vegna stofninn hefur ekki náð þeirri stærð sem þekktist þá er óvíst en ljóst er að síðan þá hefur margt breyst, m.a. landnám minks og sílamávs. Refaveiðar voru stundaðar af meiri kappi en sá stofn er hugsanlega tífalt stærri nú en þá.

Undanfarin ár hefur ríkt sátt um ákveðið fyrirkomulag rjúpnaveiða. Sátt sem byggðist á því að halda ró sinni hvernig sem árar hjá rjúpnastofninum. Áætlað var að halda sama fyrirkomulagi árin 2009, 2010 og 2011 nema eitthvað óvænt kæmi upp á. Veiðimenn hafa svo til haldið sig innan þeirra marka sem sett voru en það er óhætt að segja að veðurfarið hafi sett strik í reikninginn. Það sem kanski mest hefur komið á óvart er að ríkið hefur hætt stuðningi við refaveiðar, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir náttúru Íslands.

Veiði úr áætluðum veiðistofni hefur alltaf verið langt innan við 20%, sem er oft talað um sem ásættanlegt hlutfall. Mest hefur veiðiálagið farið í 12% árið 2005. Sé tilgátan um mögnunaráhrif veiða á rökum reist þá er samt ótrúlegt að gera ráð fyrir að þau áhrif vegi eins þungt og haldið er fram nú. Það nær í raun ekki nokkurri átt að gera veiðimenn alfarið ábyrga fyrir minnkun veiðistofns um 500.000 fugla á milli ára en árið 2010 var áætlaður veiðistofn 850.000 rjúpur sem nú er metin 350.000 rjúpur. Veiddar voru 75.000 rjúpur haustið 2010 og neyslukönnun sem UST gerir árlega styður við þá tölu.

Í ljósi alls þessa leggur SKOTVÍS til:

- Að veiðar á rjúpu verði áfram með óbreyttu sniði enda er ekkert sem bendir til að veiðar hafi með að gera þá lægð sem stofninn er hugsanlega kominn í.
- Áfram verði haldið með hvatningarátak til veiðimanna um að draga úr veiðum og að menn veiði hóflega og aðeins fyrir sjálfa sig.
- Samstarfið á milli SKOTVÍS og veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar verði aukið og markvisst verði unnið að því að draga úr veiðum næsta tímabil. Það hefur sýnt sig að langflestir veiðimenn fara eftir tilmælum sem til þeirra er beint og eru traustsins verðir og eiga heiður skilinn fyrir að hafa dregið verulega úr veiðum undanfarin ár.
- SKOTVÍS leggur það líka til að komið verði á fót rannsóknum á þeim þáttum sem eru óútskýrðir en hafa hugsanlega áhrif á rjúpnastofninn s.s. afrán refa, minka og máva. Þessar rannsóknir verði kostaðar af veiðikortasjóði.

Umhverfisráðherra mun taka ákvörðun um framhald rjúpnaveiða og er það von SKOTVÍS að farið verði eftir tillögum félagsins í þeim efnum og að áframhald verði á góðu samstarfi milli SKOTVÍS, UST, NÍ og umhverfisráðuneytisins.

---

**Elvar Árni Lund**  
**Formaður SKOTVÍS**